

# Móttökuáætlun nýbúa í Nýbúadeild Álfhólsskóla

Þegar foreldrar óska eftir skólavist fyrir barn sitt í Nýbúadeild skólans er viðkomandi boðaður í viðtal til deildarstjóra nýbúadeildar sem gerir skólastjóra grein fyrir ósk foreldra.

## Innritun

Ákveðinn er tími fyrir fyrsta móttökuvíðtal. Fyrsti fundur fer fram með foreldrum eða forráðamönnum og nemanda ásamt túlki. (sjá ferilblað um móttöku nýbúa) Móttakan fer eftir því hvort nemandinn er að fara í yngri deildina eða eldri deildina, hverjir eru kallaðir í viðtal í teyminu.

## Undirbúningur viðtals

- Skólastjórnendur velja umsjónarþekk fyrir nemandann.
- Umsjónarkennara tilkynnt um væntanlegan nemanda hvaðan hann er og hvenær móttökuvíðtalið fer fram.
- Umsjónarkennarinn undirbýr þekkinn fyrir komu nýs nemanda. Deildarstjóri Nýbúadeildar tilkynnir jafnframt öðrum kennurum um koma nemandans í skólann og í hvaða þekk hann fer. Einnig er farið yfir stöðu nemandans út frá menningarlegum forsendum hans.
- Tekið er saman fyrir viðtal innritunarblað, skólareglur, innkaupalisti, stundaskrá þekkingar, upplýsingar um Dægradvöl fyrir 1-4.þekk, upplýsingar um félagsstarf skólans, upplýsingar um mötuneyti og nestismál og einnig tekið til, innritunarblöð fyrir Dægradvöl og mötuneyti.

## Móttökuvíðtal

- Móttökuvíðtalið sitja foreldrar/forráðmenn nemandi, túlkur og deildarstjóri nýbúadeildar ávallt skal kalla til túlk fyrir móttökuvíðtal (sjá hverjir mæta í viðtalið, ferilblað um móttöku nýbúa) Hér er mikilvægt að skyldmenni eða vinir sitji ekki viðtalið jafnframt skal kallað á túlk þó annað foreldri nemandans sé íslenskur.
- Afhent er innritunareyðublað sem foreldrar fylla út með aðstoð túlks.
- Óskað er eftir bakgrunnsupplýsingum um nemandann ef mögulegt er.
- Athuga hvort læknisskoðun hafi farið fram þar sem nemandanum er ekki heimilt að hefja skólagöngu nema að undangenginni læknisskoðun.
- Gerð er einstaklingsáætlun ef þarf, í samvinnu við deildarstjóra nýbúadeildar, kennurum deildarinnar og umsjónarkennara nemandans þar sem kemur fram hvenær nemandinn er með þekkingum og hvenær hann er í nýbúakennslu.
- Ákveðin er fundartími eftir fjórar vikur og er þá staða nemandans skoðuð með tilliti til líðan og hvernig áframhaldið er hugsað hvað varðar kennslutilhögun nemandans.

## **Nám í móttökudeild**

Miðað er við að nemendur séu 15-20 kennslustundir á viku í nýbúadeildinni , aðra tíma svo sem íþróttir, sund, allar verkgreinar og stærðfræði (ef það kemur í ljós að viðkomandi hefur góð tök á greininni) sækja þeir með bekknum.

Dvöl nemenda í nýbúadeildinni fer eftir því hvar þeir eru staddir. Unnin er einstaklingsáætlun fyrir alla nemendur sem stunda nám í deildinni. Gengið er út frá námslegri getu og færni hvers og eins ásamt menningarlegum bakgrunni sem hefur einnig að segja um færni og getu nemandans til að takast á við nýja málið sem er oft og tíðum erfitt í byrjun sérstaklega ef nemendur eru ekki læsir á móðurmálinu.

Símat er í gangi þar sem staða er tekin jöfnum höndum og gerð ný áætlun ef þurfa þykir.

Eftir því sem nemandanum fer fram í málinum fara þeir inn í vissa tíma í umsjónarbekknum allt í samráði við bekkjarkennarann. Kennslan í nýbúadeildinni miðast að því að smátt og smátt fara því nemendurnir meira og meira inní bekkinn en þó er lögð áhersla á íslensku kennslu sem kennd er út frá íslensku sem öðru máli. Sú kennsla er oft með brúarsmiðina að leiðarljósi þar sem íslenskan er oft skýrð nánar á móðurmáli nemandans. Þessi þáttur er mjög mikilvægur og mikilvægt að hann sé rétt skilinn þar sem bakgrunnur til málanáms er mjög mismikill og getan einnig. Nemendur eru oft komir í alla tíma með bekknum nema í 6-8 tíma í íslenskunámi.

Deildarstjóri Nýbúadeildar og kennarar deildarinnar fylgjast með framförum nemenda og ákveða með hliðsjón af mati og í samráði við foreldra /umsjónarkennara hvenær námi í Nýbúadeild lýkur.

## **Foreldrasamstarf**

Áhersla er lögð á að hafa mikið og gott samstarf við foreldra og eru þeir hvattir til að heimsækja deildina eins og þeir vilja oft eru foreldrar yngri nemendanna daglega í heimsókn þar sem þeir eru þá að sækja nemendur í skólann og geta rætt við kennara um stöðu mála ef þeir óska svo.

Deildarstjóri fundar reglulega með kennurum deildarinnar og er þá lögð áhersla á mikilvægi góðra samskipta. Kennarar deildarinnar sem eru af erlendu bergi brotnir eru tengiliðir við viðkomandi foreldra eru þeir þá í sambandi við foreldra sem tala viðkomandi tungumál. Allar upplýsingar eru gefnar á tungumáli viðkomandi ýmist með símtali eða í rituðum skilaboðum .

Reynt er að koma öllum skilaboðum til foreldra á þeirra eigin móðurmáli. Gott vald á eigin móðurmáli er forsenda þess að nemendur geti tileinkað sé nýja tungumálið af öryggi. Foreldrar eru hvattir til að vinna með barninu á móðurmáli sínu kenna barninu að lesa á því m.a. með því að afla lestrarbóka, myndbanda og tónlistar svo eitthvað sé nefnt.

## **Samstarf við aðra skóla**

Þegar nám í Nýbúadeild skólans lýkur og nemendur fara í annan skóla (liggur fyrir í hvaða skóla nemandinn fer í) þá er haft samband við skólann og farið yfir stöðu nemandans og hvernig best er að mæta honum og styðja hann.

Umsjónarkennari fær möppu með ýmsum upplýsingum sem varða nemandann frá veru hans í Nýbúadeildinni. Þar koma fram upplýsingar um námslega stöðu, námsgetu, námsframvindu og stöðu í íslensku. Einstaklingsnámskrár fylgja sem gerðar hafa verið fyrir nemandann meðan hann dvaldi í deildinni. Þar kemur fram hvaða námsefni hefur verið kennt og hvernig hefur gengið hjá nemandanum að tileinka sér það.

Deildarstjóri veitir heimaskólanum sem nemandinn fer í alla þá ráðgjöf sem þurfa þykir til að skólagangan verði sem farsælust í nýja skólanum.

### **Starfsfólk deildarinnar eru eftirfarandi:**

**Deildarstjóri:** Guðlaug Snorradóttir

**Kennarar yngri deildar:** Sigríður Stefánsdóttir í fullri stöðu , Anna Guðrún Júlíusdóttir í fullri stöðu

Phetchada Khongchumchuen í fullri stöðu, Katarzyna Agnieszka Rabeda og Anna Friðbjörg sem stundakennari. Kennarar skólans sinna einnig nokkrum tímum í kennslu í deildinni. Kristbjörg Pálsdóttir, Hjördís Hrunn Reynisdóttir.

**Kennarar eldri deildar:**Donata Honkowicz Bukowska í fullri stöðu, Caio Namur Milreu í fullri stöðu. Kennarar í mismunandi stöðuhlutfalli: Ágústína Jónsdóttir, Sólrún Pálsdóttir, Ludmila Titova, Katarzyna Agnieszka Rabeda og Kristín Magnúsardóttir.